

# STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1992

6. júlí 1992

577

Nr. 260

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 425/1988 um greiðslur vegna  
fastráðins fiskvinnslufólks.

1. gr.

Í stað sex vikur (30 greiðsludaga) í 4. málsgr. 2. gr. komi: níu vikur (45 greiðsludaga).

2. gr.

1. málsgr. 6. gr. orðist svo:

Fyrirtækjum í fiskvinnslu, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sínum er unnið hafa hjá fyrirtækinu í 2 mánuði kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma, sem reiknast til réttinda vegna fyrri raðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfrestur á fastráðningarsamningi er 6 vikur af beggja hálfu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 34/1988 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks sbr. breytingu á þeim lögum nr. 42/1992 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Guðjón Magnússon.*

23. júní 1992

Nr. 261

## REGLUGERÐ

um vigtun á humri.

1. gr.

Um vigtun á afla fiskiskipa sem stunda humarveiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 489/1991 um vigtun sjávarafra nema öðruvísi sé kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Skipstjóri fiskiskips sem stundar humarveiðar skal strax við komu skips til hafnar að lokinni veiðiferð og áður en löndun hefst tilkynna hafnaryfirvöldum um áætlað aflamagn og fyrirhugaðan kaupanda humarsins.

Steindórsprent Gutenberg hf.